

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1997

2. apríl 1997

465

Nr. 226

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamþykktá á sviði lyfjamála.

1. gr.

Ensk útgáfa evrópsku lyfjaskrárinnar (European Pharmacopoeia 3rd Edition) gildir hér á landi. Frá sama tíma fellur úr gildi 2. útgáfa ásamt viðaukum.

2. gr.

Skrá og staðlar fyrir hráefni í lyf, sem greindir eru í gildandi dönskum lyfjastöðlum (DLS: Danske Lægemedelstandarder), eru í gildi hér á landi.

Ákvæði um framleiðslu lyfja og staðlar fyrir lyfjaform og lyf í dönskum lyfjastöðlum (DLS) eru í gildi hér á landi.

3. gr.

Leiðbeiningar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, um góða starfshætti í lyfjabúðum (GPP: Good Pharmacy Practice), gilda hér á landi.

4. gr.

Leiðbeiningar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar, um gæðavottun lyfja til útflutnings (Certification Scheme on the Quality of Pharmaceutical Products moving in International Commerce) gilda hér á landi.

5. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi frá þeim tíma auglýsing nr. 311/1987, um lyfjastaðla á Íslandi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. apríl 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.